

Tungusilungur ehf  
Strandgötu 39  
460 Tálknafjörður

Akureyri, 10. desember 2021  
UST202107-207/S.R.B.  
08.12.01

### **Ákvörðun um framlengingu á starfsleyfi Tungusilungs ehf. Tálknafirði.**

Vísað er til erindis Tungusilungs ehf. Tálknafirði er barst Umhverfisstofnun þann 2. desember sl. um umsókn um framlengingu á starfsleyfi félagsins í Tálknafirði. Tungusilungur ehf. sótti um nýtt starfsleyfi þann 21. júlí og var umsókn þess samþykkt sem fullnægjandi þann 27. október 2021.

Skv. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir má útgefandi starfsleyfis framlengja gildistíma starfsleyfis meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn borist útgefanda. Áform um framlengingu voru auglýst á heimasíðu Umhverfisstofnunar 2. desember til og með 9. desember ásamt því að vera send á helstu hagsmunaðila.

Fyrri starfsleyfi eldisstöðvarinnar í Tálknafirði rennur út 11. desember 2021 og mun því framlengingin sem hér er veitt gilda þar til nýtt starfsleyfi er gefið út eða í síðasta lagi til 11. desember 2022.

Virðingarfyllt,

Steinar Rafn Beck Baldursson  
sérfræðingur

Sigrún Ágústsdóttir  
forstjóri